


# ÁRSSKÝRSLA 2025

Hlutverk Neytendastofu er að  
treysta öryggi og réttindi neytenda  
í viðskiptum og annast framkvæmd  
laga um neytendavernd.



NEYTENDASTOFA





# NEYTENDASTOFA

**Ársskýrsla 2025**  
Neytendastofa

**Útgefandi:**  
Neytendastofa  
Borgartúni 29  
105 Reykjavík  
S: 510 1100

[www.neytendastofa.is](http://www.neytendastofa.is)

© Maí 2026 Neytendastofa

# Efnisyfirlit

<b>Ávarp forstjóra</b> .....	<b>4</b>
<b>Hlutverk og skipulag Neytendastofu</b> .....	<b>6</b>
<b>Starfsemi</b> .....	<b>7</b>
Tölur ársins.....	8
Áherslur í eftirliti .....	10
Önnur verkefni .....	13
<b>Fjárhagur</b> .....	<b>16</b>
Yfirlit um afkomu ársins 2025.....	16
Efnahagsreikningur, 31. desember 2025.....	17

# Ávarp forstjóra

Þann 1. júlí 2025 voru 20 ár síðan Neytendastofa var sett á fót til þess að auka veg neytendamála og efla þannig neytendavernd. Á þessum tímamótum er áhugavert að líta um öxl og sjá hvað hefur áunnist í neytendamálum á Íslandi s.l. 20 ár en einnig að horfa fram á við.

## Aukin þekking á neytendamálum

Tilgangur neytendaverndar er að jafna stöðu samningsaðila. Þess vegna eflum við og styrkjum neytendamál og neytendavernd m.a. með því að bæta þekkingu um málaflokkinn. Síðustu ár höfum við séð aukningu í neytendavitund á Íslandi sem endurspeglast í því að bæði fyrirtæki og neytendur eru meðvitaðri um rétt sinn og skyldur. Á þessum tíma hefur traust til Neytendastofu aukist ár frá ári samhliða aukinni þekkingu á neytendamálum. Neytendastofa og aðrir aðilar sem koma að neytendamálum hér á landi, s.s. félagasamtök og samtök fyrirtækja, hafa leikið mikilvægt hlutverk í að stuðla að þessari auknu þekkingu. Ákvarðanir stofunarinnar vekja almenna athygli og leiða af sér opinbera umræðu. Þá hefur Neytendastofa í auknum mæli gefið út leiðbeiningar sem gagnast bæði fyrirtækjum og neytendum og þá sérstaklega þegar ný löggjöf hefur verið sett eða reynir á ný álitæfni. Þessar ákvarðanir og leiðbeiningar og umræðan í kjölfarið eru þannig mikilvægur liður í því að auka skilning á mikilvægi neytendaréttar.

## Ný og bætt löggjöf

Verulegar breytingar hafa átt sér stað á gildandi lögum á þessum 20 árum auk þess sem ný löggjöf hefur verið sett með það að markmiði að auka vernd neytenda enn frekar. Ýmsar nýlegar breytingar hafa komið í kjölfar tækniþróunar og aðstæðna í þjóðfélaginu. Það sem er sameiginlegt með neytendaverndarlöggjöf er að hún miðar að því að neytendur fái skýra og nægilega upplýsingagjöf auk þess sem neytendum eru falin tiltekin grundvallarréttindi sem óheimilt er að semja sig frá. Aukinn hraði í viðskiptum hefur leitt til þess að enn mikilvægara er að neytendur fái viðeigandi upplýsingar og séu meðvitaðir um réttindi sín til að auka öryggi þeirra í viðskiptunum.

## Aukið eftirlit og eftirfylgni

Töluverð þróun hefur orðið í starfsemi Neytendastofu á undanförunum árum. Fleiri mál eru tekin til meðferðar á mun breiðara sviði en áður og það hefur sýnt sig að í mörgum tilvikum er nauðsynlegt að taka íþyngjandi ákvarðanir til að réttindi neytenda séu virt. Stofnunin hefur auk þess þurft að fylgja eftir þeim málum sem tekin hafa verið til meðferðar jafnvel fyrir dómstólum. Neytendastofa er í samstarfi við aðrar ríkisstofnanir, frjáls félagasamtök og atvinnulífið við val á þeim málum sem lögð er áhersla á auk þess sem ábendingar frá neytendum hafa veruleg áhrif. Stofnunin leggur áherslu á að forgangsraða málum

út frá heildarhagsmunun neytenda sem leiðir til þess að mörg málanna eru verulega umfangsmikil og leiða til fjölda ákvarðana. Sem dæmi má nefna mál sem snerta umhverfis- og heilsufullyrðingar, starfsemi smálánafyrirtækja, skilmála við almenna lánveitingu og nú síðast gjaldtöku á bílastæðum.

Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist síðustu ár eru fjölmörg tækifæri til að styrkja neytendamál enn frekar á komandi árum. Miklar breytingar eiga sér enn stað og því er nauðsynlegt að halda áfram því góða starfi sem hefur átt sér stað hjá Neytendastofu og öðrum sem koma að neytendamálum.

**Þórunn Anna Árnadóttir**



# Hlutverk og skipulag Neytendastofu

Hlutverk Neytendastofu er að tryggja réttindi neytenda í viðskiptum og annast eftirlit og framkvæmd laga um neytendavernd. Starfsemin byggir á fjölbreyttum hópi fólks sem hefur hæfni og getu til þess að vinna vandasöm og fjölbreytt verk.

Neytendastofa leggur áherslu á að hjá stofnuninni starfi hæft starfsfólk með margvíslegan bakgrunn sem býr yfir faglegri þekkingu á hverju sviði sem heyrir undir stofnunina. Hlutverk stofnunarinnar eru fjölbreytt og víðtæk og starfsmenn þurfa því að hafa þekkingu á margvíslegri löggjöf. Árangur Neytendastofu byggir á þeim auði sem býr í starfsfólkinu. Metnaður starfsmanna, kraftur þess og fagmennska er lykillinn að þeim góða árangri sem starfsemin hefur skilað.


Ráðherra skipar forstjóra sem ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar. Þórunn Anna Árnadóttur er forstjóri Neytendastofu.

Skipurit Neytendastofu og innra skipulag tekur mið af þeim lögum og reglum sem Neytendastofu eru falin framkvæmd og eftirlit með. Skipuritið skiptist í þrjár meginstoðir auk starfsmanna kærunefndar vöru- og þjónustukaupa sem heyra undir stofnunina en eru þó faglega aðskildir annarri starfsemi stofnunarinnar.

Eftirlit Neytendastofu felur í sér vernd hagsmuna neytenda. Í því felst eftirlit m.a. með óréttmætum viðskiptaháttum, neytendalánum, fasteignalánum til neytenda, pakkaferðum o.fl. Gagnsæi markaðarins sér um skoðanir á vefsíðum sem og á sölustað. Hér er átt við skoðun á t.d. verðupplýsingum sem og öðrum almennum upplýsingum um þjónustuveitanda og þá vöru og/eða þjónustu sem neytendum er boðin. Innlent og erlent samstarf og fræðsla tekur yfir allt samstarf stofnunarinnar við aðrar stofnanir, innlendar sem og erlendar, og ýmis hagsmunasamtök. Umsagnir um lagafrumvörp og þátttaka í nefndum heyra hér undir.

Starfsmenn kærunefndar vöru- og þjónustukaupa taka við erindum og undirbúa úrskurði nefndarinnar auk þess að svara fyrirspurnum um starfsemi nefndarinnar.

Við árslok störfuðu 10 starfsmenn hjá Neytendastofu, sjö konur og þrír karlar.



# Starfsemi

Neytendastofa sinnir eftirliti með ýmsum lögum sem varða hagsmuni neytenda á öllum sviðum viðskipta.

Verkefni stofnunarinnar eru að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum og stuðla að því að neytendur hafi sem mestar upplýsingar áður en gengið er til viðskipta.

Virðing fyrir réttindum neytenda byggð á þekkingu og miðlun upplýsinga til neytenda og atvinnulífs eru mikilvæg leiðarljós Neytendastofu.




# TÖLUR ÁRSINS

Birtum ákvörðunum Neytendastofu fækkaði lítillega frá síðasta ári. Þessa fækkun má m.a. rekja til þess að sektum vegna verðmerkinga hefur fækkað enda hefur stofnunin orðið vör við mikla viðhorfsbreytingu seljenda þar sem þeir eru mun líklegri til að bregðast strax við athugasemdum Neytendastofu um skort á verðmerkingum. Því kemur í færri tilvikum til slíkra sekta. Þá hafði stofnunin til meðferðar mjög umfangsmikil mál vegna greiðsluskyldu á bílastæðum auk þess að halda áfram áherslu á mál vegna laga um neytendasamninga. Þessir málaflokkar hafa verið


nokkuð umfangsmiklir og eru mannaflafrekir. Fækkun á heildarfjölda mála sem tekin eru til meðferðar má að hluta til rekja til þess en árið 2022 voru einnig óvenju mörg mál tekin til meðferðar vegna verðmerkinga sem skýrir mikinn fjölda mála það ár. Fjöldi ákvarðana sem kærðar voru til áfrýjunarnefndar neytendamála var sá sami og fyrir ári.

Þá stefndi Arnarlax Neytendastofu til ógildingar ákvörðunar fyrir dómi.


## MÁLAFJÖLDI



## ÁBENDINGAR OG FYRIRSPURNIR





## NÝ MÁL EFTIR MÁLAFLOKKI



Neytendastofu berast daglega fjöldi fyrirspurna og ábendinga símleiðis, með tölvupósti og í gegnum Mínar síður. Ýmist er um að ræða fyrirspurnir um lög og rétt eða tilkynningar um brot gegn lögum og reglum.

Áherslur í starfi Neytendastofu geta verið misjafnar milli ára og taka gjarnan breytingum eftir aðstæðum í þjóðfélaginu. Hér má sjá skiptingu nýrra mála eftir málaflokkum borið saman við síðustu tvö ár.



# ÁHERSLUR Í EFTIRLITI

Í tilefni ábendinga frá neytendum, erinda frá hagsmunasamtökum og fjölmiðlaumfjöllunar tók Neytendastofa til skoðunar merkingar og upplýsingagjöf gjaldskyldra bílastæða. Með mikilli aukningu gjaldskyldra stæða fjölgaði einnig vandamálum sem neytendur stóðu frammi fyrir og fjölmörgum búrúst háar kröfur í heimabanka eftir að hafa lagt bifreið óafvitandi af gjaldskyldu. Skoðun Neytendastofu var mjög umfangs- og yfirgripsmikil og fól m.a. í sér að í upphafi þurfti stofnunin skoðun á því hvort og, ef svo væri, þá hvaða sérreglur gilda um þessa þjónustu. Vettvangsskoðun var gerð á 68 bílastæðum víða um land og við lok árs hafði stofnunin tekið fimm stjórnvaldsáskvarðanir þar sem athugasemdir voru gerðar við merkingar á bílastæðum á höfuðborgarsvæðinu og Keflavíkurlflugvelli.

Neytendastofa hefur lagt áherslu á mál vegna auglýsingabanns á nikótínvörum og rafrettum. Á árinu birti stofnunin ákvarðanir gagnvart fjórum fyrirtækjum. Í ákvörðuninum er fjallað um merkingar utan á verslunum, umfjallanir sem birtust á samfélagsmiðlum og lýsingum vöru í vefverslun. Í öllum tilvikum eru sektir

lagðar á fyrirtækin fyrir brotin og í einni ákvörðuninni var um að ræða brot gegn fyrri ákvörðun.

Líkt og síðustu ár var nokkur áhersla á upplýsingagjöf við sölu á Netinu. Í þessum tilvikum er farið yfir hvort neytendum séu veittar upplýsingar sem þeir þurfa til að geta tekið ákvörðun um viðskipti, svo sem endanlegt verð, binditími samnings þar sem það á við og eiginleikar vöru eða þjónustu. Þá er sérstaklega kannað hvort neytendum séu veittar upplýsingar um rétt til að falla frá samningi. Að þessu sinni hefur stofnunin einbeitt sér að markaði fyrir sölu skartgripa og lauk árið 2025 níu málunum vegna sérstakrar skoðunar á upplýsingagjöf og skilmálum verslananna. Málunum lauk öllum með úrbótum og sátt en við árslok voru tvö mál enn til meðferðar.

Í verðmerkingareftirliti var farið í sex verkefni á árinu og skoðun framkvæmd hjá 283 verslunum. Í heildina voru 15 fyrirtæki sektuð vegna ástands verðmerkinga í 17 verslunum. Þar á meðal var ákvörðun þar sem í fyrsta sinn reyndi á að stofnunin taldi QR kóða þar sem neytendur geta nálgast matseðil veitingastaðar



”

Vettvangsskoðun var gerð á 68 bílastæðum víða um land

**UPPLÝSINGAGJÖF OG  
SKILMÁLAR VEFVERSLANNA**

**21**

Máli lokið

**ÓRÉTTMÆTIR  
VIÐSKIPTAHÆTTIR**

**29**

Málum lokið

**VILLANDI  
AUGLÝSINGAR**

**36**

Málum lokið

**AUGLÝSINGABANN Á  
NIKOTÍNVÖRUM**

**4**

Ákvarðanir

**VERÐMERKINGAREFTIRLITIÐ**

**6**

Verkefni

**283**

Fyrirtæki skoðuð

**15**

Fyrirtæki sektuð



ekki fullnægja skyldu til að hafa matseðil aðgengi-  
legan neytendum við inngöngudyr. Neytendastofa  
verður vör við mikla breytingu á ástandi verðmerkinga  
og viðbrögðum verslana við athugasemdum þegar  
verðmerkingareftirlitið hefur verið sýnilegt og birtir  
reglulegar fréttir af því. Þær ákvarðanir sem teknar  
eru virðast því alla jafna hafa áhrif á mun fleiri selj-  
endur en þá sem ákvarðanir beinast að.

Tíu málum sem snúa að útsölu eða verðlækkun var  
lokið á árinu. Þar af umfangsmikil mál vegna tíðra  
verðlækkana þar sem Neytendastofa komst m.a. að  
þeirri niðurstöðu að um óréttmæta viðskiptahætti væri  
að ræða þar sem neytendum var ítrekað kynnt að til-  
boði væri að ljúka en einum til tveimur dögum síðar  
voru vörur aftur boðnar á lækkuðu verði.


Nokkuð hefur dregið úr fjölda ábendinga vegna aug-  
lýsinga eða markaðsefnis þar sem ekki er notast  
við íslensku. Því varð áherslubreyting á verkefninu  
hjá stofnuninni þar sem áhersla er nú frekra lögð á  
vörulýsingar í vefverslunum frekar en beinar auglýs-  
ingar. Neytendastofa lauk þeim þremur málum sem  
enn voru til meðferðar vegna tungumáls vörulýsinga  
hjá netverslunum með reiðhjól og hefur hafið máls-  
meðferð gagnvart seljendum barnavara. Þau mál eru  
til meðferðar.

Eftirlit með heilsufullyrðingum hefur verið viðvarandi  
en á árinu þurfti stofnunin að leggja minni áherslu á

málaflokkinn en á áður. Að þessu sinni lauk stofnunin  
máli gagnvart tveimur aðilum vegna fullyrðinga um  
lyfjavirkni almennra vara. Í báðum tilvikum voru lagð-  
ar stjórnvaldssektir á fyrirtækin enda um að ræða brot  
gegn svokölluðum svarta lista, þ.e. viðskiptahættir  
sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Mál tengt umhverfisfullyrðingum hafa verið í forgangi  
hjá stofnuninni um nokkurt skeið núna. Af miklu er  
að taka en þar sem almennt er um er að ræða um-  
fangsmikil og flókin mál hefur stofnunin ákveðið að  
takmarka þann fjölda mála sem tekin eru til meðferð-  
ar hvert sinn. Á árinu lauk stofnunin einu máli sem  
fól í sér eftirfylgni með ákvörðun frá fyrra ári þar sem  
fyrirtæki á eldsneytismarkaði hafði ekki fylgt ákvörðun  
að fullu. Þá voru sendar leiðbeiningar um upplýsinga-  
skyldu til níu fyrirtækja á markaði með sölu notaðra  
vara í kjölfar sameiginlegrar skoðunar neytenda-  
verndarstofnana í Evrópu.

Af samskiptum við Ferðamálastofu hefur orðið ljóst að  
þörf er á að Neytendastofa taki til skoðunar upplýs-  
ingagjöf og samningsgerð seljenda pakkaferða. Um er  
að ræða mjög viðamiklar skoðanir og því verður verk-  
efninu þannig háttáð að tekin verða fyrir örfá fyrirtæki  
í senn. Árið 2025 lauk Neytendastofa einni ákvörðun.



# ÖNNUR VERKEFNI

Eitt af verkefnum Neytendastofu er að vera til leiðbeiningar um málefni sem varða hagsmuni neytenda og snúa að eftirlitssviði stofnunarinnar. Þessu verkefni hefur stofnunin sinnt með almennum upplýsingum og fréttum á heimasíðu sinni auk þess að taka þátt í opinberri umræðu hjá fjölmiðlum þegar eftir því er leita og með þátttöku í málstofum ólíkra hagsmunaaðila.

Árið 2025 svaraði stofnunin 31 fyrirspurn fjölmiðla og mætti í viðtöl um ýmis málefni tengd fyrirspurn starfsemi stofnunarinnar. Þá átti Neytendastofu fulltrúa í hagsmunaráði Úrvinnslusjóðs auk þess sem fulltrúi frá Neytendastofu tók sæti í aðgerðarhópi umhverfisráðuneytisins um netverslun.

Eins og áður hefur komið fram voru mál tengd gjaldskyldu á bílastæðum afar fyrirferðarmikil í starfsemi Neytendastofu árið 2025. Neytendur og hagsmunasamtök þeirra lýstu strax mikilli óánægju með framkvæmdina þar sem tækniframfarir leiða til þess að með sjálfvirkum númeraplötuafllestri geta þjónustuveitendur sent neytendum kröfu í heimabanka ef greiðsla berst ekki við nýtingu þjónustunnar. Þetta leiddi í upphafi til þess að mjög mörgum neytendum birtist krafa í heimabanka án þess að þeir gerðu sér grein

fyrir að hafa nýtt sér þjónustu sem greiða skyldi fyrir. Auk þess að Neytendastofa tæki fjölmörg mál til meðferðar um upplýsingagjöf á þessum sölustöðum hefur stofnunin setið fundi með bæði innviða- og atvinnuvegaráðuneyti þar sem til umræðu hefur verið hvaða löggjöf nær yfir starfsemina og hvort lagabreytinga sé þörf. Þannig hefur einnig komið til skoðunar í samvinnu við Seðlabanka Íslands, hvort kröfur sem sendar eru neytendum með viðbótarkostnaði falli undir ákvæði innheimtulaga. Á þessum vettvangi hefur farið fram nokkuð ítarleg skoðun á Norrænu regluverki til mats á því hvort gera þurfi lagabreytingar hér á landi. Hluti af þessari vinnu var að atvinnuvegaráðherra boðaði til morgunverðarfundar með hagsmunaaðilum til þess að kynna áætlanir ráðuneytisins um annars vegar skammtíma- og hins vegar langtímaáætlanir. Þannig kom fram á fundinum að til skamms tíma yrðu birtar ákvarðanir í málum Neytendastofu auk þess sem stofnunin gæfi út leiðbeiningar fyrir gjaldskyld bílastæði í kjölfar ákvarðananna. Til lengri tíma kæmi til skoðunar að halda úti vefsíðu þar sem nálgast mætti heildarstæðar upplýsingar um gjaldskyld bílastæði. Þá væri enn til skoðunar hvort settar yrðu sérreglur svipaðar þeim sem eru í gildi í Noregi og Danmörku.



”

Árið 2025 svaraði stofnunin 31 fyrirspurn fjölmiðla og mætti í viðtöl um ýmis málefni tengd starfsemi stofnunarinnar

Til að mæta vandamálum á markaði gaf Neytendastofa út leiðbeiningar fyrir gjaldskyld bílastæði í kjölfar ákvarðana sem stofnunin tók. Í þeim eru því teknar saman þær kröfur sem fram komu í ákvörðunum um upplýsingagjöf til neytenda. Þannig er lögð áhersla á að neytendur eigi að vera meðvitaðir um að þeir séu að ganga til samnings áður en til hans kemur og að þeir skuli vera upplýstir um helstu einkenni samningssins. Í leiðbeiningunum er umfjölluninni því skipt upp þannig að tilgreindar eru þær upplýsingar sem stofnunin telur mikilvægar og veita beri neytendum fyrir gerð samnings og aðrar upplýsingar sem veita má fyrir með öðrum hætti. Mikilvægar upplýsingar í þessu samhengi eru upplýsingar um greiðsluskyldu, hvert gjaldsvæðið er og hver þjónustuveitandi er auk upplýsinga um greiðsluleiðir, verð og önnur gjöld sem og upplýsingar um afleiðingar þess ef ekki er greitt strax fyrir þjónustuna.

Stofnuninni bárust þrjár beiðnir um leyfi til notkunar þjóðfána Íslendinga í skráðu vörumerki. Veitt var leyfi til notkunarinnar í öllum tilvikum. Skráðum lána-miðlurum fjölgaði um þrjá.

Líkt og fyrri ár átti Neytendastofa í góðu samstarfi við aðrar stofnanir, bæði innlendar og erlendar. Neytendamála koma við á flestum mörkuðum og því hefur Neytendastofa átt samskipti við margar innlendar stofnanir

þar sem verkefni og eftirlitssvið annarra stofnana geta varðað þau málefni sem Neytendastofa sinnir. Svo dæmi séu tekin á stofnunin reglulega fundi með Fjölmiðlanefnd, fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun. Þá átti stofnunin afar góð samskipti bæði við Samgöngustofu og Umhverfisstofnun vegna afgreiðslu einstakra mála. Þessu til viðbótar á stofnunin í góðum samskiptum við ýmis frjáls félagasamtök og ber þar helst að nefna Neytendasamtökin, Félag íslenskra bifreiðaeigenda og Samtök iðnaðarins.

Á erlendum vettvangi tekur stofnunin þátt í afar mikilvægu Evrópusamstarfi (CPC – Consumer protection Cooperation) þar sem reglulega er fundað um ýmis málefni sem varða neytendur og þær stefnur eða breytingar sem þörf er á í málaflokknum. Reglugerir fundnir eru haldnir í samstarfinu auk þess sem unnið er að sameiginlegum verkefnum en samskipti hafa haldist að megninu til rafræn frá því að þeim var komið á árið 2020 og því hefur fundarsókn verið mjög greið og einföld. Norrænt samstarf er jafnframt mjög mikilvægt á þessum vettvangi og á Neytendastofa þátt í fimm samstarfshópar fyrir ólík málefnasvið þar sem sérfræðingar hjá systurstofnunum Neytendastofu á Norðurlöndunum funda reglulega með rafrænum hætti til þess að skiptast á reynslu og upplýsingum auk þess að miðla mikilvægri þekkingu á milli ríkja.



”

Til að mæta vandamálum á markaði gaf Neytendastofa út leiðbeiningar fyrir gjaldskyld bílastæði



# Fjárhagur


## YFIRLIT UM AFKOMU ÁRSINS 2025

	2025	2024
<b>Tekjur</b>		
Tekjufærsla fjárveitinga	140.700.000	136.100.000
Seld þjónusta	3.000.000	2.911.500
Framlög og ýmsar tekjur	372.963	0
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	1.369.811	1.131.426
<b>Tekjur samtals</b>	<b>145.442.774</b>	<b>140.142.926</b>
<b>Gjöld</b>		
Framlög og tilfærslur	0	56.000
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	128.665.841	125.506.374
Annar rekstrarkostnaður	36.590.953	35.911.601
Afskriftir og niðurfærslur	1.369.811	1.131.426
<b>Gjöld samtals</b>	<b>166.626.605</b>	<b>162.605.401</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>	<b>(21.183.831)</b>	<b>(22.462.475)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	0	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(297.916)	0
	<b>(297.916)</b>	<b>0</b>
<b>Afkoma ársins</b>	<b>(21.481.747)</b>	<b>(22.462.475)</b>

# EFNAHAGSREIKNINGUR, 31. DESEMBER 2025

	31.12.2025	31.12.2024
<b>Eignir</b>		
Handbært fé	2.148.398	8.177.160
Tengdir aðilar	747.088	12.354.214
Varanlegir rekstrarfjarmunir	6.413.432	6.967.161
<b>Eignir samtals</b>	<b>9.308.918</b>	<b>27.498.535</b>
<b>Skuldir</b>		
Aðrar skuldir	18.392.382	18.738.783
Tengdir aðilar	2.260.357	252.015
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	11.412.842	9.782.653
<b>Skuldir samtals</b>	<b>32.065.581</b>	<b>28.773.451</b>
<b>Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals</b>	<b>(22.756.663)</b>	<b>(1.274.916)</b>
<b>Eigið fé</b>		
Hrein eign	(22.756.663)	(1.274.916)
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>(22.756.663)</b>	<b>(1.274.916)</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>9.308.918</b>	<b>27.498.535</b>





NEYTENDASTOFA



NEYTENDASTOFA

2026